

27. samráðsfundur aðgerðastjórnar Sveitarfélagsins Voga, 29. október 2020

Pátttakendur

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnsýslu, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir fundarins eru Guðmundur Stefán Gunnarsson íþrótta- og tólmstundafulltrúi, Héðinn Ólafsson forstöðumaður íþróttamannvirkja, María Hermannsdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Suðurvalla og og Hálfðan Þorsteinsson skólastjóri Stóru-Vogaskóla

Staðan almennt

Staðfest smit í Sveitarfélaginu Vogum fimfundaginn 29.10 eru fimm og fimm í einangrun en 11 í sóttkví. Staðfest smit á Suðurnesjum eru 54. Í einangrun eru 54 og 138 í sóttkví.

Það er umhugsunarefni að í Sveitarfélaginu Vogum hefur hlutfall smitaðra verið talsvert hærra en annars staðar, eða um hálf prósent.

Engar tilslakanir varðandi aðgengi að stofnunum sveitarfélagsins verða gerðar að svo stöddu enda eru boðaðar hertar aðgerðir af hálfu yfirvalda. Næsti fundur aðgerðastjórnar er að öllu óbreyttu mánudaginn 2. nóvember og gilda reglurnar þangað til að minnsta kosti

Sviðin hvert fyrir sig:

Grunnskólinn:

Óbreytt ástand. Skólinn er nánast lokaður fyrir utanaðkomandi heimsóknum

Frístund

Óbreytt ástand. Frístund starfar með eðlilegum hætti

Leikskólinn

Óbreytt ástand. Leikskólinn fylgir öllum tilmælum almannavarna og sóttvarnarlæknis. Allir nemendur og starfsmenn skólans eru í vinnu en viðburðir á vegum hans hafa fallið niður. Foreldrar mega koma inn í fataherbergi skólans, mest fimm í einu og tveggja metra regla skal virt

Álfagerði

Óbreytt ástand. Matsalur Álfagerðis er lokaður öðrum en starfsfólki og íbúum. Áfram eru tilmæli um heimsóknatakmarkanir og hafa íbúar verið sérstaklega hvattir til að gæta enn meira að hreinlæti og sóttvarna en áður og takmarka heimsóknir sínar út úr húsi og sýna aðgætni í hvívetna

Íþróttamiðstöðin

Óbreytt ástand. Sundlaug og íþróttamiðstöð eru lokað fyrir almenningi. Starfsemi skólanna í miðstöðinni er óbreytt og UMFÞ hefur takmarkaðan aðgang að miðstöðinni eftir því sem ákveðið var á fundi aðgerðastjórnar þann 7.10.

Félagsmiðstöðin

Óbreytt ástand. Félagsmiðstöðin starfar með eðlilegum hætti. Nú er hrekkjavökuskemmtun fyrirhuguð og í því skyni er hugað sérstaklega vel að sóttvörnum. Á skemmtuninni verða þrjú hólf til að tryggja að aldurshópar blandist sem minnst saman

Skrifstofan

Óbreytt ástand. Skrifstofan er lokuð almenningi, engar heimsóknir leyfðar nema eftir pöntun og engir fundir haldnir í húsnæðinu. Fólk hvatt til að hafa samband símleiðis eða rafrænt

Umhverfideild

Óbreytt ástand. Lokað er fyrir utanaðkomandi heimsóknir í umhverfisdeildina

Önnur mál